



HÚSI VERZLUNARINNAR 108 REYKJAVÍK ÍSLAND

Hr Páll Pétursson, formaður
Fjárhags- og viðskiptanefndar
neðri deildar Alþingis

Alþingi
Erindi nr. Þ III 195
komudagur 23/11 1988

Reykjavík, 14, nóvember 1988.

Samstarfsráð verzlunarinnar vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri í framhaldi af ósk fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um umsögn Kaupmannasamtaka Íslands, Félags íslenskra stórkaupmanna og Verzlunarráðs Íslands um frumvarp til laga um eignarleigustarfsemi, 2. mál:

Það er margt sem mælir með löggjöf um eignarleigustarfsemi. Ef vel tekst til á hún að geta verið í þágu allra viðskiptaaðila og þar með ótvírætt til styrktar íslensku atvinnulífi.

- * Almenn starfsskilyrði og opinbert eftirlit getur verið hagkvæmt: eytt óþarfa áhættu, sparað viðskiptaðilum tíma og fyrirhöfn, aukið traust með því að koma í veg fyrir starfsemi óábyrgra aðila o. s. frv.
- * Skilgreining í lögum og ákvörðun starfsskilyrða eru til þess fallin að koma í veg fyrir mismunun á öðrum sviðum t. d. varðandi skattlagningu. Menn þurfa hins vegar að vera vel á verði gagnvart þeirri hættu, að skilgreiningar og ákvarðanir í lögum geta einnig gefið tilefni til óæskilegrar íhlutunar í atvinnulífinu; íhlutunar sem ekki kæmi til álita án afmörkunar í lögum.
- * Þótt aðstæður kalli nú á sérstök lög um eignarleigustarfsemi er það æskilegt markmið, að ein lög verði látnin gilda um hvers konar starfsemi á fjármagnsmarkaði. Eitt af því sem hefur torvelað eðlilega þróun íslenska lánamarkaðarins er hólfun hans.

Innan félaganna hafa komið fram athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins og verður hér gerð grein fyrir þeim:

- * Ákvæðunum um "víkjandi lán" er fagnað. Hvatt er til þess að skilgreiningin verði almenn. Það mætti gera með því að orða upphaf 2. málslíðar 3. gr. t.d.: "Víkjandi lán" merkir í lögum þessum lán, sem tekið er gegn --- o.s.frv.



KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS



VERZLUNARRÁÐ
ÍSLANDS



FÉLAG ÍSL. STÓRKAUPMANNA

- * Efnisatriði töluliða 2 og 3 í 4. gr. eru til staðar í öðrum lögum sbr 50. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélag og lög nr. 26/1982 um atvinnuréttindi útlendinga. Spurning er hvort þarft er að endurtaka þessi skilyrði og hvort það er ekki óæskilegt að orða í raun sama skilyrðið með mismunandi orðalagi sbr. kröfuna um lögræði í hlutafélagalögunum og fjárræði í frv.
- * Mörg ákvæði eru "opin" fyrir ráðherra til ákvörðunar og túlkunar.

- Ekki verður séð í hvaða tilvikum ágreiningur á að rísa um það hvort starfsemi teljist til eignarleigu- starfsemi eða ekki, nema þá í tengslum við það hvort fyrirtæki er eignarleigufyrirtæki eða ekki. Því er lagt til að 3. málslíður 2. gr. verði umorðaður og honum bætt við 1. málslíð 3. gr. Þótt alltaf megi leita eftir "endanlegum" úrskurði dómsstóla, sbr. greinargerð, er ljóst að úrskurður ráðherra hlýtur að gilda svo framarlega sem hann er ekki í andstöðu við lög.

- Um það er efast að ráðherra eigi að hafa sérstaka heimild til að setja "nánari" skilyrði um eignarleigu á fasteignum sbr. ákvæði 5. gr. Ástæða er til að athuga þetta ákvæði nánar.


- Lagt er til að 3. málslíður 13. greinar verði umorðaður þannig að heimild ráðherra verði skilyrt því að lögð hafi verið fram opinber ákæra. Það virðist óviðunandi, ef hægt á að vera að svipta menn eða fyrirtæki starfsleyfi á grundvelli þess að verið er að rannsaka starfsemi þeirra.

- Lagt er til að í stað fyrri setningar 14. greinar komi eftirfarandi setning: " Sameinist tvö eða fleiri starfandi eignarleigufyrirtæki í eitt þarf nýtt starfsleyfi viðskiptaráðherra." Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi athugasemd við 14. gr. frumvarpsins: "Rök gegn samruna fyrirtækja kunna að vera að hann skerði samkeppni á markaðnum." Benda má á, að það er algjör undantekning ef samruni skerðir ekki samkeppni á markaðnum eins og fólk almennt skilur það hugtak. Það er því ljóst að litlar líkur eru til þess, að þetta ákvæði leiði eitthvað gott af sér. Þvert á móti gæti það komið af stað vandræðum og haft í för með sér skaða. Hvernig á ráðherra að bregðast við þegar tvö fyrirtæki vilja af hagkvæmnisástæðum sameinast, en önnur fyrirtæki á markaðnum mótmæla vegna þess að sameinuð munu fyrir-


tækin tvö verða ráðandi á markaðnum? Viljum við fela ráðherra það vald að ákveða hvort sameining eða samkeppni er það hagkvæmasta fyrir okkur í bráð og lengd?

Með vinsemd og virðingu,


f.h. KAUPMANNASAMTAKA
ÍSLANDS


Hreinn Sumarliðason,
erindreki

f.h. FÉLAGS ÍSL. STÓRKAUPMANNA


Arni Reynisson
framkv.stj.

f.h. VERZLUNARRÁÐS ÍSLANDS


Vilhjalmur Egilsson,
framkv.stj.